

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 16/2004**2007/EES/9/20**

frá 6. janúar 2004

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arfgengi fátækta á milli kynslóða“ (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ⁽¹⁾, einkum f-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur um fjölda fátækra og félagslega útskúfaðra og hlutfall þeirra af íbúafjölda, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.
- 2) Samkvæmt f-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar að því er varðar skrána yfir aukamarksvið og –breytur sem árlega skulu fylgja þversniðsþætti hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör. Fyrir árið 2005 ber að skilgreina skrána yfir aukamarkbreytur sem taldar eru með í viðbótarathuginni „arfgengi

fátækta á milli kynslóða“ (einkum um þátt menntunar og atvinnu foreldra og fjöldskylduadstæðna í bernsku í félagslegri útskúfun fullorðinna sem stuðlar að fátækt á fullorðinsárum) þar á meðal skal tilgreina kóða breytnanna og skilgreiningar á þeim.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skráin yfir aukamarkbreytur, kóðar breytnanna og skilgreiningarnar í viðbótarathugun ársins 2005 varðandi „arfgengi fátækta á milli kynslóða“, sem tekin skulu með í þversniðsþætti hagskýrslugerðar Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 4, 8.1.2004, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

(¹) Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi eining, gagnasöfnunaraðferð, viðmiðunartímabil og skilgreiningar:

1. Eining

Veita skal upplýsingar um alla núverandi heimilismenn eða, ef við á, um alla útvalda svarendur sem eru eldri en 24 ára og yngri en 66 ára.

2. Gagnasöfnunaraðferð

Vegna eðlis þeirra upplýsinga sem safna skal er einungis heimilt að taka persónuleg viðtöl (í undantekningartilvikum má tala við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) eða fá upplýsingar úr skrám.

3. Viðmiðunartímabil

Miðað skal við tímabilið þegar viðmælandi var á aldrinum 12 til 16 ára.
Ef svarandi hikar eða biður um að aldurinn sé tilgreindur nánar skal miða við 14 ára aldur.

4. Skilgreiningar

- Faðir: sá karlmaður sem viðmælandi leit á sem föður sinn þegar hann var á aldrinum 12 – 16 ára.
- Móðir: sú kona sem viðmælandi leit á sem móður sína þegar hann var á aldrinum 12 -16 ára.
- Systkini: bræður og systur sem bjuggu á sama heimili og viðmælandi þegar hann var á aldrinum 12 -16 ára.
- Lengst af: (þ.e. fjölskyldusamsetning lengst af, fjöldi systkina lengst af, atvinnustaða lengst af, atvinna lengst af) vísar til aðstæðna eins og þær voru lengst af, meðan viðmælandi var á aldrinum 12 -16 ára. Leiki vafi á hvaða aðstæður vöruðu lengst skal tilgreina þær sem höfðu mest áhrif.

SVIÐ OG SKRÁ YFIR MARKBREYTUR

Heiti breytu	Viðbótarathugun 2005	Arfgengi fátæktar á milli kynslóða
	Kóði	Markbreyta
Grunngögn		
RB030	Auðkennistala	<i>Auðkennistala einstaklings</i> Auðkennistala einstaklings
PM005	0 + (Format 2.5)	<i>Þversniðsvog einstaklings m.t.t kynslóða</i> Vog
Gögn um fjölskyldu		
PM010		<i>Fjölskyldusamsetning lengst af</i>
	1	Bjó hjá báðum foreldrum
	2	Bjó hjá einstæðri móður (fjölskylda einstæðs foreldris)
	3	Bjó hjá einstæðum föður (fjölskylda einstæðs foreldris)
	4	Bjó hjá móður og nýjum maka/eiginmanni móður
	5	Bjó hjá föður og nýjum maka/eiginkonu föður
	6	Bjó á öðru einkaheimili, fósturheimili
	7	Bjó á stofnanaheimili eða stofnun
PM010_F	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu

Heiti breytu	Viðbótarathugun 2005	Arfgengi fátæktar á milli kynslóða
	Kóði	Markbreyta
PM020	Ár	Fæðingarár föður Fjögurra stafa ártal
PM020_F	- 2	Á ekki við (enginn faðir)
	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM030	Ár	Fæðingarár móður Fjögurra stafa ártal
PM030_F	- 2	Á ekki við (engin móðir)
	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM035	Fjöldi	Fjöldi systkina lengst af Tveggja stafa tala
PM035_F	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
Gögn um menntun		
PM040	0 1 2 3 4 5 6	Hæsta ISCED-stig ⁽¹⁾ menntunar sem faðir hefur náð Mínna en barnaskólamenntun Barnaskólastig Unglingastig Framhaldsskólastig Viðbótarstig eftir framhaldsskóla Fyrri þrep háskólastigs Doktorsstig
PM040_F	- 2	Á ekki við (enginn faðir)
	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM050	0 1 2 3 4 5 6	Hæsta ISCED -stig ⁽¹⁾ menntunar sem móðir hefur náð Mínna en barnaskólamenntun Barnaskólastig Unglingastig Framhaldsskólastig Viðbótarstig eftir framhaldsskóla Fyrri þrep háskólastigs Doktorsstig
PM050_F	- 2	Á ekki við (engin móðir)
	- 1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu

Heiti breytu	Viðbótarathugun 2005	Arfgengi fátæktar á milli kynslóða
	Kóði	Markbreyta
Gögn um atvinnu		
PM060		<i>Atvinnustaða föður, lengst af</i>
	1	Launamaður
	2	Sjálfstætt starfandi
	3	Ólaunaður fjölskyldumeðlimur
	4	Atvinnulaus
	5	Á eftirlaunum, snemmteknum eftirlaunum
	6	Heimilisstörf í fullu starfi
	7	Annað
PM060_F	-2	Á ekki við (enginn faðir)
	-1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM070		<i>Atvinna föður, lengst af⁽¹⁾</i>
	ISCO-kóði	Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin frá 1988 ⁽³⁾ samkvæmt tveggja stafa kerfi
PM070_F	-2	Á ekki við (faðir hafði aldrei atvinnu, enginn faðir)
	-1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM080		<i>Atvinnustaða móður, lengst af</i>
	1	Launamaður
	2	Sjálfstætt starfandi
	3	Ólaunaður fjölskyldumeðlimur
	4	Atvinnulaus
	5	Á eftirlaunum, snemmteknum eftirlaunum
	6	Heimilisstörf í fullu starfi
	7	Annað
PM080_F	-2	Á ekki við (engin móðir)
	-1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu
PM090		<i>Atvinna móður, lengst af⁽²⁾</i>
	ISCO-kóði	Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin frá 1988 ⁽³⁾ samkvæmt tveggja stafa kerfi
PM090_F	-2	Á ekki við (móðir hafði aldrei atvinnu, engin móðir)
	-1	Gögn vantar
	1	Gildi sett í stað breytu

⁽¹⁾ ISCED 1997: Alþjóðlega menntunarflokkunin 1997.

⁽²⁾ Ef PM060 eða PM080 = 4, 5, 6 eða 7 er átt við síðasta starfið.

⁽³⁾ ISCO-88(COM): Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin (m.t.t. Evrópu) 1988.